

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs hjá Stykkishólmsbæ.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið samþykktarinnar er að mynda jafnvægi á kostnaði og gjaldtöku við meðhöndlun úrgangs ásamt því að draga úr myndun og urðun úrgangs og auka endurvinnslu og endurnýtingu eins og unnt er.

Samþykktin gildir um meðhöndlun úrgangs sem til fellur í Stykkishólmi. Stykkishólmsbær annast meðhöndlun úrgangs í bæjarfélaginu. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd einstakra þátta er varða meðhöndlun úrgangs. Þeir aðilar sem sjá um meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

2. gr.

Skipulag og meðferð úrgangs.

Þrjár tunnur verða við hvert heimili í sveitarfélaginu:

Grá tunna fyrir almennan heimilisúrgang.

Græn tunna fyrir tiltekinn endurvinnanlegan úrgang.

Brún tunna fyrir lífrænan úrgang.

Gámar fyrir almennan heimilisúrgang og endurvinnanlegan úrgang verða staðsettir á gámasvæði sveitarfélagsins.

Gámar fyrir garðaúrgang, timbur, járn og spilliefni verða staðsettir á gámasvæði sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ákveður tíðni söfnunar úrgangs í samráði við framkvæmdaraðila söfnunar. Sorp-hirðudagatal er gefið út í byrjun hvers árs þar sem fram kemur hvenær almennur heimilisúrgangur, lífrænn úrgangur og endurvinnanlegur úrgangur er hirtur frá heimilum.

3. gr.

Skyldur íbúa.

Notendum þjónustunnar ber að fara eftir eftirfarandi reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangi:

1. Setja skal allan úrgang í viðeigandi ílát, að öðrum kosti er þeim sem safnar úrgangi frá heimilum heimilt að skilja hann eftir.
2. Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.
3. Brennsla á úrgangi er ekki heimil. Undantekningar eru brennur tengdar hátíðarhöldum hvers konar sem viðeigandi leyfi hafa fengist fyrir.
4. Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum.
5. Flokkaðan úrgang skal geyma þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist ekki, s.s. vegna vatns eða vinda.
6. Geyma skal úrgang þannig að hann fjúki ekki.
7. Geymsla og meðhöndlun á úrgangi má ekki valda lyktarópægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.
8. Íbúar skulu sjá til þess að gott aðgengi sé að tunnum og moka snjó frá þeim eftir þörfum.
9. Íbúar skulu þrifa sorpilát reglulega og halda þeim við.

4. gr.

Eftirlit.

Sveitarfélagið ræður verktaka til að annast söfnun úrgangs og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar Vesturlands. Hefur hann eftirlit með verkefninu ásamt sveitarfélaginu og heilbrigðis-

nefnd Vesturlands, sem fer með eftirlit samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er bæjarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er skv. ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengdri starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja íbúðareiningu sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

6. gr.

Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 40. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett skv. ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 135/2002 um sorphirðu í Stykkishólmi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. janúar 2012.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.